

**63. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 28. september 2011 og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Krístrún Guðjónsdóttir (KG),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir, .

Dagskrá:

- 1. 1109053 - Jöfnunarsjóður - Umsókn v/ framlaga til eflingar tónlistarnámi 2011.**
Skólastjóri tónlistarskóla Tálknafjarðar upplýsti að það væri engin nemandi sem félli undir þessi framlög jöfnunarsjóðs til eflingar tónlistarnámi 2011-2012.
- 2. 1106014 - Tillaga um kennslufyrirkomulag skólaárið 2011-2012**
Trausti lagði fram uppfært bréf varðandi kennslufyrirkomulag kennara dagsett 28/9. Stöðugildin fastráðinna kennara og stundakennara verða 4,39 að meðlalinum kennsluskyldu skólastjóra en 5,12 að meðtöldum kennslustundum smíðjugreina. Allir kennarar Tálknafjarðarskóla eru sáttir með þetta fyrirkomulag sem lagt var fyrir skólanefnd og var samþykkt.
- 3. 1109083 - Skóladagatal fyrir Tálknafjarðarskóla 2011-2012**
Skóladagatal Tálknafjarðarskóla fyrir skólaárið 2011-2012 lagt fyrir nefndina og samþykkt.
- 4. 1109084 - Haustskýrsla grunnskóladeildar Tálknafjarðarskóla**
Trausti upplýsti nefndina að honum bæri ekki að skila haustskýrslu fyrr en 1. nóvember 2011.
- 5. 1109085 - Félagsmiðstöðin Tunglið**
Leita á álit frá nemendum og foreldrum um hvað opnunin á að vera mikil og jafnvel að fá heimamann til að koma með eitthvað ákveðið verkefni fyrir krakkanna t.d. einn dag í mánuði. Skólanefnd mun boða til fundar um þetta mál.
- 6. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Skólastarfi fer vel af stað, má þar nefna hreyfimánuðinn og byrjaði með Norræna skólahlaupinu, einnig námskynning 14. sept og tókst vel, Möguleikhúsið kom með leiksýningu sem vísaði í náttúruna og margt fleira. Skólinn hefur fengið til liðs við sig Hlín Sigurþórsdóttir sem mun veita stuðning við sérkennsluna.
- 7. 1001015 - Önnur mál**
Trausti skólastjóri upplýsti að það hafi verið 5 börn féllu undir nýbúafræðslu jöfnunarsjóðs og var sótt um fyrir þau.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |